

Vinaverkefni Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Vertu með

Sjálfsstyrking fyrir félagslega einangraða nemendur

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Nafn verkefnisins: Vinaverkefni Fjölbrautaskóla Suðurnesja

– Vertu með

Nafn verkefnastjóra: Ingigerður Sæmundsdóttir

Markmið verkefnis

Markmiðið með verkefninu var að efla félagsfærni einangraðra og afskipta nemenda. Stefnt var að í lok námskeiðs væru nemendur með meira sjálfstraust og þekkingu á hvernig hægt er að njóta samvista við jafningja ásamt því að þekkja það sem er í boði fyrir ungt fólk á svæðinu.

Leiðir að markmiði

Vinaverkefni Fjölbrautaskóla Suðurnesja *Vertu með* er námskeið fyrir nemendur í skólanum á aldrinum 16 – 20 ára. Lagt var upp með að ná til þeirra sem voru félagslega einangraðir og einmana. Verkefnastjóri kynnti námskeiðið fyrir foreldrum nýnema á kynningu strax um haustið. Kennarar, námsráðgjafar og aðrir starfsmenn skólans fengu tölvupóst með upplýsingum um verkefnið. Óskað var eftir ábendingum um nemendur frá námsráðgjöfum, kennurum og öðru starfsfólki skólans.

Verkefnastjóri fékk strax ábendingar og ýmist hringdi í nemendur eða boðaði þá til fundar við sig. Einnig spjallaði undirrituð við nemendur á göngum skólans og sagði frá verkefninu og bauð þeim að vera með. 80 % þeirra sem rætt var við sóttu um að taka þátt í námskeiðinu. Strax var stofnuð facebook grúppa til að auðvelda öll samskipti og reyndist það okkur vel.

Leiðbeinandi á námskeiðinu ásamt verkefnastjóra var Helga Jakobsdóttir lögfrálfur og starfsmaður FS.

Frávik að markmiði verkefnisins

14 nemendur sóttu fyrsta námskeiðið og 12 nemendur seinna námskeiðið. Það reyndist erfiðara að finna út hvaða nemendur virkilega þurftu á þessu verkefni að halda.

Þegar hópurinn var samsettur kom í ljós að mikið hallaði á stúlkur í hópnum. Þær voru einungis fimm af 14 og síðan fjórar af tólf.

Í apríl var sendur tölvupóstur á félagsþjónustuna í Reykjanesbæ þar sem óskað var eftir tilnefningum frá þeirra skjólstæðingum sem eru nemendur í FS og gætu nýtt sér þetta námskeið. Engin tilnefning kom en það má vera í samstarfi við félagsþjónustuna í framtíðinni.

Helstu hindranir

Þrátt fyrir að nemendur voru tilbúin til að koma og njóta námskeiðsins þá voru samgöngur að reynast erfiðar. Sérstaklega á kvöldin. Leiðbeinendur sóttu þá þátttakendur á sínum einkabílum og skutluðu þeim heim síðar um kvöldið.

Nemendur höfðu lítið frumkvæði sjálfir að taka þátt og því þarf að selja þeim hugmyndina að þetta sé virkilega eitthvað sem þau hefðu bæði gagn og gaman af.

Helstu ávinningar

Það voru margir ávinningar og persónulegir sigrar á þessu starfsári. Nemendur sem aldrei höfðu átt vini eignuðust vini. Nemendur sem aldrei höfðu farið á kaffihús, í leikhús eða á tónleika upplifðu slíkt með jafningjum.

Nemandi sem sagðist „hata fólk“ blómstraði og var farinn að bíða og minna á hvenær næsti tími væri.

Nemandi sem var hættur að mæta í skólann og komin með frjálsa mætingu fór að mæta á ný.

Nemendur fóru saman á árshátíð skólans.

Kærleiksrík samtöl og einlægur trúnaður skapaðist á milli nemenda og leiðbeinanda.

Kaffihúsastefnumót urðu að spilakvöldum.

Nemendur rufu einangrun sína og stigu út fyrir þægindarammann.

Áhrif verkefnis á skólastarf

Þetta verkefni hefur þau áhrif á skólastarfið að styrkja nemendur sem eru óörugg innan skólans og taka aldrei þátt í neinu innan né utan hans því þau eru mikið ein og þora ekki að hafa sig í frammi.

Að mínu mati hefur þetta jákvæð áhrif á skólastarfið og eykur vellíðan nemenda. Tveir nemendur sem tóku þátt í vinaverkefninu fengu viðurkenningu fyrir lífsleikni. En í öðru tilfallinu var verið að vinna meira heildstætt með viðkomandi einstakling sem var einnig í sálfræðiviðtölum og persónulegri handleiðslu.

Verkefnastjóri kynnti verkefnið fyrir Rotary klúbbi hér í Reykjanesbæ og það ýtir undir jákvæð viðhorf til skólans. Einnig hefur verkefnastjóri kynnt þetta verkefni við hvert tækifæri og jafnvel út fyrir landsteinana þar sem viðmælendur hafa heillast af hugmyndafræðinni.

Niðurstöður verkefnisins

Við framkvæmd verkefnisins var miðað við nemendahópinn. Aldur áhugamál ef einhver voru og samsetningu hópsins.

Þátttakendur voru á aldrinum 16 til 20 árs, stúlkur og drengir. Verkefnastjóri merkti breytingar á hópnum sem naut þess að stíga út fyrir þægindaramman og verja tíma með jafnöldrum við leik, menningu, út að borða og spjalla. Sumir þessara nemenda voru að upplifa samveru með jafnöldrum í fyrsta sinn í mörg ár. Lögð var áhersla á að hver og einn fengi að njóta sín á sínum forsendum en jafnframt var myndað traust á milli allra aðila.

Nemendur voru valdir í þennan hóp af kennurum, námsráðgjöfum og eftir ábendingum frá stjórnendum og skrifstofu. Einnig voru settar auglýsingar á ganga skólans til að vekja athygli á verkefninu. Í ljós kom að besta leiðin til að ná til nemenda er í gegnum námsráðgjafa sem hafa oftast en ekki myndað traust við nemendur sem búa við félagslega einangrun eða eru vinafáir.

Dæmi um skipulag:

Fimmtudagur 8.október kl.20-23

88 húsið og kaffihús

3.klst.

Fimmtudagur 15.október kl. 18 til 22

88húsið – kvikmynd og spjall

4.klst.

Fimmtudagur 29.október kl.20 til 23

88 húsið – spilakvöld og kaffihús

3 klst.

Fimmtudagur 5.nóvember kl.18 til 22

88 húsið- undirbúningur v. Hróa Hattar - kvikmyndakvöld

4.klst

Föstudagur 13.nóvember kl.18 til 23

Leikhúsferð – Hrói Höttur

5.klst.

Á þessum kvöldum var farið yfir hugtakið vinátta og smá saman vannst traust á milli þátttakenda.

Það sem var einnig gert á námskeiðunum:

Eldað saman, slegin upp veisla í heimahúsi.

Kvöldnámskeið í 88 húsinu, kynning á hlutverkaspilum,

Útivist og gildi samveru

Ferð í Bláa Lónið

Skartgripanámskeið

Kvikmyndakvöld

Kynning á 0 klúbbnum og ýmsum tómstundum í Reykjanesbæ.

Út að borða á veitingastað.

Náðust markmiðin?

Undirrituð telur að markmiðin hafi náðst að vissu leyti. Þeir nemendur sem luku námskeiðunum voru ánægð og má sjá miklar breytingar á mörgum þeirra. Samkvæmt viðtalið við foreldra einnar stúlkunnar þá breytti þetta líðan hennar í skólanum og daglegu lífi. Þar sem undirrituð hefur fylgst með nemendum bæði í gegnum facebook og hitt þau á fönnum vegi þá virðast þau hafa átt gott ár í FS og hefðu öll viljað halda áfram í þessum vinahóp. Leiðbeinendur hvöttu nemendur til að hittast áfram þrátt fyrir að námskeiðinu lyki og á bara eftir að koma í ljós hvað framtíðin ber í skauti sér.

Það er óljóst hvort það náist að fjármagna verkefnið á næsta ári og hvaða starfsmaður muni sjá um verkefnið. Vinna við verkefnið var yfirleitt utan hefðbundins vinnutíma og krafðist mikils sveigjanleika.


Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum
Verkefnastjóri er tilbúin að kynna verkefnið og framkvæmd

Reykjanesbær 20.júní 2016

Undirskrift verkefnisstjóra


Ingigerður Sæmundsdóttir

Undirskrift skólastjóra ábyrgðarskóla


Kristján Ásmundsson

Vertu með - vinaverkefni Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Lýsing og markmið

Vinaverkefnið *Vertu með* er námskeið fyrir nemendur í Fjölbrautaskóla Suðurnesja á aldrinum 16 – 20 ára. Lagt verður upp með að ná til jaðarhóps ungmenna í skólanum þ.e. þá sem eru félagslega einangraðir og einmana. Töluvert stór hópur nýbúa eða innflytjenda er í þessum nemendahóp.

Valinn verður hópur nemenda og þeim boðin þátttaka í námskeiðinu. 20 manns komast að í hvert skipti. Námskeiðið er nemendum að kostnaðarlausu.

Markmiðið með verkefninu er að efla félagsfærni unglinga sem eru félagslega einangraðir og afskiptir. Með þátttöku í námskeiðinu fá nemendur kynningu á félagsstarfi í sveitarfélögunum á svæðinu. Hópurinn mun hittast vikulega, fara í heimsóknir, vinna verkefni og svo lýkur námskeiðinu með sameiginlegri upplifun eins og bíóferð, heimsókn á kaffihús eða leikhúsferð.

Í lok námskeiðs verður lagt fram matsblað þar sem nemendur svara spurningum um vinaverkefnið og hvort það hafi breytt einhverju fyrir þau.

Ingigerður Sæmundsdóttir kennari og Helga Jakobsdóttir iðjuþjálfari leiða verkefnið.

Hagsmunaaðilar

Fjölbrautaskóli Suðurnesja, ungt fólk á Suðurnesjum, sveitarfélög á svæðinu og aðilar sem bjóða upp á félagsstarf af ýmsu tagi.

Tímarammi

Apríl – Maí 2016

Eftirfylgni

Ábyrgðarmenn munu annast eftirfylgni og fylgjast með framvindu verkefnisins. Í lok árs 2016 verður metið hvort árangur hafi náðst og með hvaða hætti verkefnið skuli halda áfram.

Í námskeiðsgögnum verða upplýsingar um þá aðila sem aðstoða unglinga við ýmis mál, fagaaðilar, sálfræðingar, hjúkrunarfólk o.fl. sem og allt það sem er í boði fyrir þennan aldurshóp.

Einnig verða góð ráð um hvernig hægt er að eignast vini og hvernig maður viðheldur vináttu.

Verkefnastjóri útbýr námskeiðsgögn og lokaðan facebook hóp fyrir þátttakendur þar sem hægt er að skiptast á hugmyndum. Vettvangur fyrir samskipti til að styrkja hópinn enn frekar. Þetta hefur verið

gert í ýmsum fögum í FS og gefist vel. Nemendur eru flestir á facebook. Á námskeiðinu verður boðið upp á snarl, kaffi, gos, ávexti og eitt skipti verður elduð máltíð fyrir hópinn.

Mótframlag

Fjölbrautaskóli Suðurnesja útvegar aðstöðu fyrir námskeiðið. Starfsmenn og iðkendur ýmissa félagasamtaka og íþróttafélaga á Suðurnesjum kynna starfsemi sína, vinnuframlag. Sveitarfélögin á Suðurnesjum styðja við verkefnið með vinnuframlagi tómsfundafulltrúa og þátttöku þeirra í verkefninu.

Ábyrgðarmenn

Ingigerður Sæmundsdóttir ingigerdur@fss.is kennari í Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Kristján Ásmundsson kras@fss.is skólameistari Fjölbrautaskóla Suðurnesja.